

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á HÖFN

Dagsetning	20. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Jón Bragason
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 15,038 V15 11,708 N64 14,794 V15 11,642
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Höfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Skoðaður var nýr búnaður í frárennsli frá þróum, olíuskynjari tengdur rafloka. Vatnsagi í þróum veldur því að frárennsli verður alla jafna að standa opið. Nýi búnaðurinn lokar frárennslinu ef skynjarinn nemur olíu. Búnaðurinn sendir frá sér skilaboð til starfsmanna sem verða að koma á staðinn, skoða ástæður fyrir boðunum og opna raflokann handvirkt til þess að koma frárennslinu aftur af stað. Búnaðurinn reyndist í góðu lagi.

Mældar voru olíuleifar í frárennsli frá olíuskilju í Krosseyrarvegsstöðinni og notað var olíupróf frá Macherey Nagel. Prófið greindi ekki olíu í frárennsli skiljunnar. Einnig mælt fyrir olíu í frárennsli þróar (aftan við olíuskilju) um svartolíugeymi félagsins við Ósland með olíuprófi Macherey Nagel. Prófið greindi ekki olíu í því frá frárennsli heldur.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var skoðað en það er farið að láta á sjá, en uppfylltir kröfur. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik: Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

Athugasemdir: Engar athugasemdir eru gerðar við stöðina.

Önnur mál: Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar

Umhverfisstofnun hefur samþykkt olíupróf frá Macherey Nagel, sem mælikvarða á hvort olía sé í frárennslinu. Verði litabreytinga ekki vart, telst frárennslið hafa staðist kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm) olíu í frárennslinu. Ef vottar fyrir litabreytingum á strimlinum skal taka sýni úr fráveitu stöðvarinnar og mæla olíuinnihald sýnisins (magnbundin greining).

Reykjavík, 30/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.